

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Holtabraut 15, L166453.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi Brautarholts, sem felur í sér að byggingarreitur fyrir bílskúr á lóðinni Holtabraut 15 er rýmkaður. Aðrir skilmálar haldast óbreyttir innan deiliskipulags.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. febrúar 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Mörk, L191428.

Gerð er breyting á deiliskipulagi á frístundalóðum í landi Markar. Í breytingunni felst breytt stærð tveggja lóða af þremur. Áhraungsgata 4 stækkar til austurs og nær nú að lóðarmörkum nr. 2 og verður 18.550 m² eftir stækkun. Áhraungsgata 6 stækkar til vesturs og norðurs og verður 15.300 m². Áhraungsgata 2 verður óbreytt að stærð. Þá verður heimilt að byggja allt að 45 m² gestahús/vinnustofu á öllum lóðum til viðbótar við þá byggingarheimild sem fyrir er.

Samþykkt í sveitarstjórn 30. september 2020.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 9. febrúar 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.